

Kennari:

Aðalheiður Ósk Tobíasdóttir
Lísa Mjöll Ægisdóttir

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk, svæða- og hópavinna
(hringekja)

Tímafjöldi:

8 kennslustundir

Bekkur:

2. bekkur

Íslenska

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er undirstaða alls náms og öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar. Jafnframt er tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn verður í upphafi skólagöngu virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimili þeirra.

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt. Það er hlutverk íslenskukennara að stuðla að því að nemendur öðlist þekkingu á tungumálinu og leikni í að nota það við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Leitast er við að vekja áhuga nemenda á tungumálinu, að þeir þekki helstu hugtök þess og hlutverk í málinu og fái æfingu í að beita þeim. Lögð er áhersla á lestur og læsi, þar sem nemendur þjálfast í að leita sér upplýsinga úr margvíslegum miðlum, ásamt því að efla áhuga á bókmenntum og lestri. Lögð er áhersla á góðar skriftarvenjur, skipulag og úrvinnslu. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að láta reyna á mál sitt við að leysa viðfangsefni og tjá hugsun sína og skoðanir við sem flest tækifæri en gott vald á munnlegri tjáningu nýtist í öllum námsgreinum. Vekja þarf athygli þeirra á einkennum málsins, töfrum þess og mætti. Skólastofan á að vera vettvangur umræðu, samskipta af ýmsu tagi, lestrar og ritunar þar sem mikilvæg og áhugaverð verkefni eru krufin.

Hæfniviðmiðum íslensku er skipt í fjóra flokka; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Þessir flokkar eru samofin heild þar sem hver flokkur getur haft gagn af öðrum og mikilvægt að hafa það í huga í kennslu.

Byrjendalæsi

Byrjað er á því að lesa sögubók sem uppfyllir ákveðnar kröfur. Við lesturinn er rætt um merkingu og merkileg orð til að auka orðaforða nemenda. Í næsta tíma er sagan rifjuð upp og kennari fær nemendur til að lesa með eða botna setningar. Því næst er valið lykilorð sem unnið er markvisst með. Lykilorðið er valið út frá því markmiði sem á að leggja áherslu á hverju sinni. Það getur verið málfræðimarkmið, stafsetningarmarkmið eða jafnvel kveikja að ritun, lesskilningi og orðaforðavinnu. Í næstu tveimur tímum fer fram þjálfun í þeim atriðum sem voru lögð inn með lykilorðinu og nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem oft eru skapandi. Verkefnin geta verið fyrir einstaklinga, pör eða hópa. Má þar nefna ýmis spil þar sem m.a. er unnið með stafsetningu, lestur, hugtakakort, sundurgreiningu, tengingu, orðaforða, stafina, ritun, skrift, málfræði, hlustun, tjáning og enduruppbyggingu texta. Nemendum er mætt þar sem þeir eru staddir og tekið mið að þörfum einstaklinga en nemendur geta verið að fást við ólík verkefni á sama tíma. Mikil áhersla er lögð á að kennsluhættir og verkefni séu fjölbreytt og að nemendur þjálfist í vönduðum og öguðum vinnubrögðum. Bæði eru unnin einstaklings-, para og hópverkefni. Mikilvægt er að nemendur lesi daglega bæði í skólanum og heima. Jafnframt eru þeir hvattir til að lesa sér til gagns og gamans í yndislestrarbókum eins og geta þeirra leyfir og í lestrarbókum við hæfi. Nemendur hafa góðan aðgang að bókakosti skólans. Þegar lestrarbók nemenda er skipulagt er tekið mið af þroska og getu hvers og eins. Lestrarbækur eru afhentar í þyngdarröð og/eða nemendur velja sér bækur við sitt hæfi af skólabókasafni. Nemendur hafa góðan aðgang að bókum í skólastofunni og fá tækifæri til að lesa og skoða bækur á hverjum degi. Nemendur vinna í vinnubókum á sínum hraða og eftir getu. Nemendur skrifa í skriftar- og vinnubækur. Einstaklingskennsla og hópvinna. Nemendur skrifa reglulega í dagbók og fara í hringekjur eða stöðvavinnu með fjölbreyttum verkefnum.

Íslenska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemendur:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	Sóknarskrift Sögubók og ritunaræfingar Stafsetning/sóknarskrift. Ýmsar lestrarbækur og vinnubækur Ritrún 1 og 2, mms.is, Skólavefurinn, Markviss málörvun, verkefni af fjölbreyttkennsla.is, Verkefni frá kennara Ýmis spil Kórlestur (hópurinn les saman).	<ul style="list-style-type: none"> – taki virkan þátt í umræðum – þjálfist í að koma skoðunum sínum og hugsunum á framfæri með skýrum og áheyrilegum framburði – þjálfist í að hlusta á upplestur margskonar efnis, fylgi söguþræði og geti greint frá upplifun sinni – þjálfist í að gagnrýna á uppbyggilegan hátt – þjálfist í að horfa á leikþætti og söngatriði – segi frá eftirminnilegum atburði og lýsi ákveðnu fyrirbæri – endursegi efni sem hlustað hefur verið á eða lesið. – eigi góð samskipti, hlusti og sýni kurteisi við samnemendur sína – beri virðingu fyrir íslenskri tungu, móðurmáli sínu og annarra 	Innlagnir Hlustun Lesið, spurt og spjallað Einstaklingsvinna Paravinna Hópavinna Námsleikir Spil
Lestur og bókmenntir		<ul style="list-style-type: none"> – þekki algengar orðmyndir – hafi jákvætt viðhorf til lestrar – geti lesið léttan texta með skilningi og unnið með hann – fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar – þekki mun á ólíkum söguformum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum og blaðagreinum – kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu og kafla – geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim – þekki hugtökin söguþráður, sögupersónur og boðskapur 	Upplýsingaöflun Vettvangsferðir Hringekja Kórlestur (100ord.is)

		<ul style="list-style-type: none"> – geti endursagt sögu í aðalatriðum – geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá) 	
Ritun		<ul style="list-style-type: none"> – dragi rétt til stafs og láti stafina sitja rétt á línu – haldi rétt á skriffærum. – þjálfist í að skrifa skýrt og læsilega og hafi eðlilegt bil á milli orða – þjálfist í að skrifa frjálsan texta svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð – læri að semja sögur með upphafi, meginmáli og endi – tileinki sér einfaldar stafsetningarreglur – eflist í að beita sköpunargáfu og frásagnargleði við textagerð – öðlist tilfinningu fyrir skipulegri uppsetningu og góðum frágangi ritaðs máls – nýti sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis – skrifi og leyfi öðrum að njóta þess með upplestri eða lestri – áhugasviðsverkefni þar sem nemendur unnu í hóp og þurftu að afla og leita sér upplýsinga. Skrá og skrifa niður niðurstöður og sýna afurð. 	

Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> – læri rétta notkun íslensks máls í ræðu og riti – læri stafrófið og að raða í stafrófsröð og geri sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag – geti skrifað texta eftir bókum og upplestri – þekki muninn á há- og lágstöfum – þekki sérhljóða og samhljóða og muninn á þeim – læri hugtökin samheiti og andheiti, samsett orð, tvöfaldan samhljóða og samhljóðasambönd – greini mun á samnöfnum og sérnöfnum og geti m.a. bent á þau í eigin texta – læri eintölu og fleirtölu – þekki kyn orða – læri nafnorð og lýsingarorð – leiki sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki – beiti töluðu máli og rituðu af öryggi og ráði yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska þeirra 	
Námsmat:	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti. Lesfimiþróf eru tvisvar sinnum yfir veturinn.</p> <p><i>Viðmið í lestri:</i> Miðað er við að nemendur nái að lesa 40 orð á mínútu við lok 2. bekkjar, að lágmarki</p>		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífelld að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága